**138. löggjafarþing 2009–2010.**
**Þskj. 383 — 1. mál.**

# Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hóf störf 28. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana. Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 38 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila, m.a. fulltrúa ráðuneyta og Ríkisendurskoðunar.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Nefndin óskaði bréflega eftir álitum fastanefnda þingsins um þá þætti frumvarpsins sem varða málefnasvið hverrar um sig. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að frumjöfnuður á árinu 2010, þ.e. jöfnuður án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda, yrði neikvæður um 1,6% af vergri landsframleiðslu og að batinn yrði nálægt 7% frá árinu 2009 þar sem frumjöfnuður var áætlaður neikvæður um 8,6% í ár. Breytingar á tekjum og gjöldum ríkissjóðs munu leiða til þess að frumjöfnuður verður á bilinu 1–1,5% lakari en gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Þessar breytingar rúmast hins vegar innan þeirra áætlana sem settar voru fram sumarið 2009 í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um jöfnuð í ríkisfjármálum. Samkvæmt þeim hefur verið miðað við að frumjöfnuður batni að meðaltali um 3–4% af landsframleiðslu á ári þar til tekjujöfnuðurinn í heild verður orðinn jákvæður, en þó þannig að stærsta skrefið verði stigið á árinu 2010. Í frumvarpinu var stefnt að heldur meiri bata í frumjöfnuðinum á næsta ári en samkvæmt áætluninni, eða sem svarar til um 0,5%. Auk þess hefur frekari yfirferð og útfærsla á aðgerðaráformum í ríkisfjármálum, sem fól í sér bæði samráð og endurmat á efnahagslegum áhrifum, leitt til þeirrar niðurstöðu að nokkuð er dregið úr þeim ráðstöfunum, sérstaklega hvað varðar skattahækkanir.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu nema samtals 4.881,1 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2, þ.e. Fjármálum ríkisaðila í A-hluta.

Hér verður fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til á öðrum greinum og sundurliðunum, þ.e. sundurliðun 2, Fjármál ríkisaðila í A-hluta, 2. gr., sjóðstreymi ríkissjóðs, 5. gr. frumvarpsins um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, og breytingum á sundurliðun 3 og 4, þ.e. Fjárreiðum ríkisfyrirtækja og lánastofnana.

Í frumvarpinu var gerð ráð fyrir nýjum tekjuöflunaraðgerðum en útfærslu þeirra var ekki lokið þegar frumvarpið var kynnt í byrjun október. Nánari útfærsla þessara aðgerða hefur nú séð dagsins ljós í formi skattfrumvarpa. Þau tekjuöflunaráform sem var að finna í frumvarpinu hafa hins vegar tekið töluverðum breytingum í átt til lækkunar.

Tekjuáætlun frumvarpsins hljóðaði upp á 468 milljarða kr., en sú áætlun hefur nú verið lækkuð um tæpa 10 milljarða kr. eða í 459 milljarða kr. Á greiðslugrunni er lækkunin heldur meiri eða tæpir 13 milljarðar kr., úr 456 milljörðum kr. í 443 milljarða kr. Skatttekjurnar hafa lækkað nokkru meira, eða um tæpa 12 milljarða kr. á rekstrargrunni en 15 milljarða kr. á greiðslugrunni.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 458.729,8 m.kr. sem er 9.515,2 m.kr. lækkun frá frumvarpinu. Tekjujöfnuður verður neikvæður sem nemur 101.754,7 m.kr. sem er 14.396,3 m.kr. aukning á halla.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**00-201 Alþingi** **-6,5**

1.02 Framlög til þingflokka

*Hagræðing starfsemi*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að framlag til þingflokka verði skert um 6,5 m.kr. eða sem svarar til 10% frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu til að stuðla að markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Gert er ráð fyrir að framlag til stjórnmálasamtaka skerðist í sama mæli í annarri tillögu á liðnum 09-999 Ýmislegt hjá fjármálaráðuneytinu.

**00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit** **95,0**

6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 95 m.kr. tímabundið framlag til verndar fornminjum á Alþingisreit. Stórmerkar minjar frá upphafi landnáms í Reykjavík hafa fundist á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði á reitnum. Þetta eru viðameiri minjar en fyrirséð var og hefur því úrvinnsla muna orðið mikil. Kostnaður við verkið hefur jafnframt orðið mun meiri en fyrirséð og áætlað var samkvæmt upphaflegum verksamningi. Mikil verðmæti eru í húfi og mikilvægt að sem best takist til við að verja fornminjarnar. Forsætisnefnd er falið að meta framkvæmdina og fylgja henni eftir.

**00-401 Hæstiréttur** **-8,0**

1.01 Hæstiréttur

*Lögbundið*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lögð er til 8 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við niðurstöður reiknilíkans um launalið hæstaréttardómara. Tillagan byggist á ákvörðun kjararáðs um lækkun á launum dómara um allt að 15% frá 15. mars 2009. Í frumvarpinu var áætlað fyrir lækkun slíkra launaútgjalda sem falla undir úrskurði ráðsins en þó láðist að gera ráð fyrir því á þessum fjárlagalið.

***Samtals æðsta stjórn ríkisins 80,5***

**01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa** **-18,0**

1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

*Lögbundið*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lögð er til 18 m.kr. lækkun á fjárveitingu til aðalskrifstofu forsætisráðuneytis. Við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins 1. október sl. fluttust verkefni sem tengjast efnahagsstjórn frá forsætisráðuneyti til nýs efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Um er að ræða eitt starf skrifstofustjóra og eitt starf sérfræðings. Gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun fjárveitingar hjá aðalskrifstofu efnahags- og viðskiptaráðuneytis.

**01-190 Ýmis verkefni** **0,0**

1.11 Hið íslenska fornritafélag

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að heiti viðfangsefnisins verði breytt í Hið íslenska fornritafélag. Verkefni félagsins, sem undir þetta viðfangsefni falla, hafa mun breiðari skírskotun en ritun biskupasagna. Hefur því núverandi heiti stundum valdið misskilningi.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**01-190 Ýmis verkefni** **25,0**

1.90 Ýmis verkefni

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 25 m.kr. framlag til verkefnisins 20/20 Sóknaráætlun fyrir Ísland. Eitt verkefni áætlunarinnar sem vinna þarf á næstunni er gerð sóknaráætlunar í þágu atvinnulífs og samfélags með það að markmiði að Ísland verði áfram í fararbroddi í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Liður í þeirri áætlun er að samþætta opinberar áætlanir, svo sem samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, byggðaáætlun, áætlanir í ferðamálum og áætlun um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins. Að auki skal flétta inn í samræmda áætlun til nýrrar sóknar í íslensku atvinnulífi og samfélagi áætlanir í mennta- og menningarmálum, umhverfismálum, vísindum, tækni og nýsköpun og áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Framlagi þessu er ætlað að standa undir kostnaði við samræmda ráðgjöf og verkstjórn við framangreint verkefni.

**01-199 Ráðstöfunarfé** **-1,5**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé forsætisráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

**01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta** **9,5**

1.01 Rafræn þjónustuveita hins opinbera

*Lögbundið*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 9,5 m.kr. fjárveitingu í tengslum við fyrirliggjandi lagafrumvarp til innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins um þjónustuviðskipti á innri markaði sambandsins, en tilgangur hennar er að greiða fyrir frjálsum þjónustuviðskiptum og tryggja jafnræði þeirra sem veita þjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Kostnaður við verkefnið skiptist þannig að 5,5 m.kr. eru vegna hálfs stöðugildis með starfstengdum kostnaði og 4 m.kr. vegna annars rekstrarkostnaðar sem verður m.a. í formi aðkeyptrar þjónustu við opnun og viðhald upplýsingagáttar fyrir Ísland. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar eiga þjónustuveitendur að geta sótt rafrænt um leyfi fyrir starfsemi sinni og fengið svör frá lögbærum yfirvöldum með sama hætti. Af þeim sökum hefur forsætisráðuneyti ásamt efnahags- og viðskiptaráðuneyti undanfarið unnið að uppsetningu vefsvæðis (upplýsinga- og þjónustuveitu) þar sem þjónustuveitendur eiga að geta sótt rafrænt um viðeigandi leyfi.

**01-996 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta** **-47,0**

6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Lagt er til að framlag til íslenska upplýsingasamfélagsins að fjárhæð 47 m.kr. verði fellt niður.

***Samtals forsætisráðuneyti -32,0***

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**02-199 Ráðstöfunarfé** **-2,9**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 2,9 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé mennta- og menningarmálaráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherra úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

**02-201 Háskóli Íslands** **1,0**

1.01 Háskóli Íslands

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Stofnun*

Lagt er til að veita Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands 1 m.kr. tímabundið framlag til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu.

**02-201 Háskóli Íslands** **185,0**

6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að veitt verði 185 m.kr. fjárheimild til að heimila Háskóla Íslands að ráðstafa tekjum frá Happdrætti Háskóla Íslands í auknum mæli til viðhalds og nýbygginga þannig að framkvæmdirnar geti kostað alls um 600 m.kr. á næsta ári. Með því móti verður stuðlað að aukinni atvinnu við slík verkefni á höfuðborgarsvæðinu. Framlög frá happdrættinu færast á tekjuhlið ríkissjóðs og verður því afkoma hans óbreytt eftir sem áður. Samkvæmt upplýsingum frá happdrættinu ætti það að geta staðið undir um 600 m.kr. árlegum greiðslum að jafnaði til Háskóla Íslands af hagnaði sínum án þess að sérstakar lántökur komi til. Verið er að undirbúa samninga við Framkvæmdasýslu ríkisins um endurnýjun á húsnæði og innréttingum í hús Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Framkvæmdakostnaður er áætlaður 425 m.kr. Þar af eru 315 m.kr. ætlaðar í endurnýjun húsnæðis og kerfa en afgangurinn í innnréttingar og tæki. Útboðsgögn liggja þegar fyrir. Verkefnið getur því farið af stað í byrjun næsta árs um leið og ljóst er hvort fjárveitingar liggja fyrir. Gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar fari að mestu fram næsta sumar þegar skólahald liggur niðri.

**02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum** **2,0**

1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Stofnun*

Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til Guðbrandsstofnunar að Hólum í Hjaltadal.

**02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands** **19,5**

1.05 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lögð er til 19,5 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa viðfangsefnis vegna áhrifa af lækkun gengis íslensku krónunnar á skuldbindingar í erlendri mynt. Viðfangsefnið var stofnað í fjárlögum 2008 með 20 m.kr. framlagi vegna þátttöku í alþjóðlegum samstarfsáætlunum á sviði vísinda. Þetta var í samræmi við áætlun stjórnvalda um eflingu samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni tímabilið 2008-2010. Framlaginu er ætlað að standa undir kostnaði við aðild að alþjóðlegum samkeppnissjóðum og áætlunum sem íslenskir vísindamenn hafa aðgang að en falla ekki undir rammaáætlun ESB á sviði rannsókna og vísinda sem Ísland tekur þátt í. Samningar um þátttöku eru gerðir í erlendri mynt og flestir fyrir árin 2008-2010 en í forsendum verðlagsreiknings frumvarpsins var ekki gert ráð fyrir því.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**02-269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður** **175,0**

6.10 Háskólinn á Akureyri

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 175 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2010 til að ljúka framkvæmdum við kennsluálmu skólans. Á móti er ráðgert að selja tvær fasteignir sem vænst er að skili samtals 70 m.kr. söluandvirði á tekjuhlið ríkissjóðs. Í upphaflegri kostnaðaráætlun var gert ráð fyrir alls 835 m.kr. fjárveitingu vegna byggingarinnar. Nú er hins vegar útlit fyrir að 405 m.kr. vanti til viðbótar til að klára bygginguna og að heildarkostnaður við hana verði 1.240 m.kr. Þar af eru 146 m.kr. eftirstöðvar samkvæmt fyrri kostnaðaráætlun, 195 m.kr. vegna verðbóta umfram forsendur og 64 m.kr. eru útgjöld umfram áætlun. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 115 m.kr. framlagi til ráðstöfunar til framkvæmdarinnar á næsta ári. Með því að veita 175 m.kr. viðbótarframlag ætti að vera hægt að flytja inn í bygginguna á árinu 2010. Jafnframt þarf að gera ráð fyrir að 115 m.kr. fjárveitingin sem fyrir er í frumvarpinu falli ekki niður fyrr en á árinu 2012 til að unnt verði að ljúka við framkvæmdina með frágangi lóðar, búnaðarkaupum og listskreytingum á árinu 2011.

**02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi** **30,0**

1.90 Háskólastarfsemi

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fagráðuneyti*

Lagt er til að veitt verði 30 m.kr. framlag til samnings sem fyrirhugað er að gera við RES orkuskóla með aðild Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands sem hafa haft með höndum faglega stjórnun námsins. Gert er ráð fyrir að hluta framlagsins verði varið til þess að gera úttekt á starfsemi RES orkuskóla.

**02-319 Framhaldsskólar, almennt** **2,6**

1.12 Orlof kennara

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 2,6 m.kr. framlag til að fjölga námsorlofum framhaldsskólakennara um eitt næsta haust vegna skólaársins 2010-2011. Gert er ráð fyrir að árið 2011 verði námsorlofunum fjölgað um annað stöðugildi.

**02-319 Framhaldsskólar, almennt** **108,0**

1.31 Keilir, frumgreinanám og vinnumarkaðsúrræði

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Lagt er til að veitt verði 108 m.kr. framlag til Keilis til frumgreinanáms og annarra vinnumarkaðsúrræða sem lúta að menntun. Unnið verði í samvinnu við viðurkennda háskóla eða aðrar stofnanir sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

**02-319 Framhaldsskólar, almennt** **15,0**

1.90 Framhaldsskólar, óskipt

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 15 m.kr. framlag til áframhaldandi tilraunaverkefnis um framhaldsdeildir. Tvær framhaldsdeilidir eru nú starfræktar í tilraunaskyni, annars vegar á Patreksfirði sem útibú frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga og hins vegar á Þórshöfn sem útibú frá Framhaldsskólanum á Laugum.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**02-319 Framhaldsskólar, almennt** **150,0**

1.90 Framhaldsskólar, óskipt

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 150 m.kr. framlag vegna aukinnar námsvirkni og fjölda nemenda í framhaldsskólum umfram forsendur fjárlaga 2009. Í fjárlögum 2009 var gert ráð fyrir 20.115 ársnemendum í framhaldsskólum landsins. Þær nemendatölur sem nú liggja fyrir bera með sér að þróun nemendafjölda í framhaldsskólum á árinu er með nokkuð öðrum hætti en varð að fullu fyrirséð við gerð fjárlaga 2009. Þannig eru á milli 450-500 fleiri reiknaðir ársnemendur sem stunda nám í framhaldsskólum landsins en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Þetta skýrist þó aðeins að hluta með fjölgun nýskráninga í nám. Að stærstum hluta skýrist þessi þróun af því að breyttar aðstæður í samfélaginu og samdráttur á vinnumarkaði leiða til þess að mun minna er um að nemendur hverfi frá námi á öðru, þriðja og fjórða ári. Minni möguleikar á vinnu með skóla leiða til þess að nemendur eru síður í hlutanámi. Námsúrræði í dagskóla eru einnig betur nýtt af nemendum vegna væntanlegs samdráttar í kvöldskóla og fjarnámi. Í skólum á landsbyggðinni fjölgar nemendum því þeir flytja sig í heimabyggð þar sem dýrara er orðið að stunda nám fjarri heimili. Birtingarmynd þessarar auknu virkni nemenda er fjölgun ársnemenda, mæld á grundvelli prófaðra eininga, sem felur þó ekki í sér samsvarandi fjölgun innritaðra einstaklinga. Gert er ráð fyrir að 160 þessara umframnemenda skiptist á milli Menntaskóla Borgarfjarðar, Framhaldsskólans í Mosfellsbæ og Framhaldsskólans við utanverðan Eyjafjörð eins og fram kemur í tillögum um þá fjárlagaliði. Hér er því gerð tillaga um framlag vegna 300 ársnemenda.

Fjárhæð framlagsins miðast ekki við einingaverð sem notuð eru í reiknilíkani framhaldsskóla fyrir fjölgun einstaklinga sem sækja nám enda eru kostnaðaráhrif af aukinni virkni nemenda sem fyrir eru í námi ekki jafnmikil. Töluverð óvissa er um viðbótarkostnaðinn en hér er miðað við að skólarnir fái viðunandi stuðning til að mæta honum.

**02-357 Fjölbrautaskóli Suðurlands** **5,0**

1.01 Fjölbrautaskóli Suðurlands

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til náms- og starfsráðgjafar fanga á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands.

**02-368 Menntaskóli Borgarfjarðar** **44,6**

1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 44,6 m.kr. framlag vegna fjölgunar nemenda í skólanum. Menntaskóli Borgarfjarðar hefur haft þá sérstöðu að vera nýr og í vaxtarferli, þ.e. það bætast við árgangar án tilsvarandi fækkunar vegna nemenda sem ljúka námi. Við frágang fjárlaga 2009 og undirbúning frumvarpsins hefur láðst að taka tillit til þessa. Þannig er í forsendum frumvarpsins enn þá gert ráð fyrir að fjöldi ársnemenda við skólann verði um 100 þegar rétt hefði verið að gera ráð fyrir að hann yrði um 180. Bráðabirgðatölur frá skólanum staðfesta að vaxtarferli skólans er í samræmi við fyrrgreint.

**02-370 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ** **36,6**

1.01 Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 36,6 m.kr. framlag vegna fleiri nemenda við nám í skólanum en reiknað var með í frumvarpinu. Skólinn tók til starfa haustið 2009. Mun fleiri nemendur voru innritaðir í skólann en áætlanir í tengslum við frumvarpið gerðu ráð fyrir. Ætla má að um 100 ársnemendur stundi nám við skólann árið 2010 í stað 50 eins og gert hafði verið ráð fyrir.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**02-372 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð** **40,0**

1.01 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til 40 m.kr. framlag vegna fleiri nemenda í skólanum en reiknað var með í frumvarpinu. Skólinn tók til starfa haustið 2009. Mun fleiri nemendur voru innritaðir í skólann en áætlanir í tengslum við frumvarpið gerðu ráð fyrir. Ætla má að um 45 ársnemendur stundi nám við skólann árið 2010 í stað 15 eins og gert hafði verið ráð fyrir.

**02-451 Símenntun og fjarkennsla** **70,0**

1.12 Námskeið og ráðgjöf

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til 70 m.kr. fjárframlag til viðfangsefnisins. Með undirritun svonefnds stöðugleikasáttmála í júní 2009 var staðfest samkomulag á milli ríkisstjórnarinnar, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands um að fjárframlög til fullorðinsfræðslu yrðu aukin og að samið yrði um aðkomu opinbera vinnumarkaðarins að kerfinu. Nú er gert ráð fyrir að framlög vegna þessa hækki í áföngum á næstu þremur árum þannig að þau nemi 70 m.kr. á árinu 2010, 90 m.kr. á árinu 2011 og 110 m.kr. á árinu 2012. Samkvæmt þessu er gerð tillaga um 70 m.kr. framlag árið 2010 vegna aðildar starfsmanna ríkis og sveitarfélaga að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

**02-451 Símenntun og fjarkennsla** **-24,5**

1.20 Þekkingasetur Vestmannaeyja

*Niðurfellt*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að tímabundið 24,5 m.kr. framlag sem veitt var til tækjakaupa í tengslum við hafrannsóknir í fjárlögum 2008 falli niður. Tillagan var á sínum tíma hluti af mótvægisaðgerðum sem ákveðið var að grípa til í því skyni að draga úr neikvæðum áhrifum af tímabundnum samdrætti í aflamarki þorsks. Fjárlagaliðurinn 02-451-1.20 hefur fengið nýtt nafn, Þekkingarsetur Vestmannaeyja, en hét áður Háskólasetur í Vestmannaeyjum.

**02-451 Símenntun og fjarkennsla** **4,0**

1.23 Farskóli Norðurlands vestra

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að veitt verði 4 m.kr. framlag í því skyni að efla háskólamenntun með fjarnámi og staðbundinni kennslu sem falli undir Farskólann - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra. Í frumvarpi til fjárlaga 2009 var veitt 4 m.kr. framlag til þessa verkefnis. Gert var ráð fyrir að framlagið næmi 8 m.kr. á árinu 2010 en í frumvarpinu fórst fyrir að hækka það. Tillagan er hluti af ráðstöfunum sem ákveðið var að grípa til með hliðsjón af skýrslu nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra. Áætlað er að störfum fjölgi um eitt vegna þessa verkefnis.

**02-451 Símenntun og fjarkennsla** **5,0**

1.25 Þekkingarsetur Þingeyinga

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Stofnun*

Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til Þekkingarseturs Þingeyinga til að bæta fræðsluþjónustu á Norðausturlandi með uppbyggingu starfsstöðvar Þekkingarsetursins á Þórshöfn, í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**02-451 Símenntun og fjarkennsla** **20,0**

1.32 Háskólasetur Vestfjarða

*Samningsbundið*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag til þriggja ára vegna meistaranáms í haf- og strandveiðistjórnun sem Háskólasetur Vestfjarða býður upp á í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Um áramótin rennur út samningur milli Háskólaseturs Vestfjarða og menntamálaráðuneytisins um nám í haf- og strandveiðistjórnun sem unnið er í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Samningurinn gildir frá 1. júlí 2008 til 31. desember 2009 og var fjármagnaður með sérstakri 30 m.kr. fjárveitingu sem veitt var í fjáraukalögum 2007 með það að markmiði að þróa háskólanám á Vestfjörðum. Í samningnum er endurskoðunarákvæði þar sem vísað er til þess að í lok samningstímans verði árangur metinn og framlenging á fjármögnun námsleiðarinnar skoðuð í framhaldinu. Verkefnið þykir hafa tekist mjög vel og er áformað að því verði haldið áfram.

**02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna** **-200,0**

1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 200 m.kr. frá forsendum frumvarpsins. Útlit er fyrir að eiginfjárstaða lánasjóðsins verði betri í árslok 2009 en áætlanir gerðu ráð fyrir, einkum sökum þess að afborganir námslána hafa skilað sér betur en búist hafði verið við. Lánasjóðurinn þarf því ekki jafnhátt framlag úr A-hluta ríkissjóðs til að viðhalda eiginfjárstöðu sinni og gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

**02-884 Jöfnun á námskostnaði** **50,0**

1.01 Jöfnun á námskostnaði

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að 50 m.kr. af 250 m.kr. áformaðri lækkun útgjalda vegna framlaga til jöfnunar á námskostnaði í frumvarpinu gangi til baka til þess að lækkun dvalar- og akstursstyrkja til framhaldsskólanema geti orðið minni sem því nemur.

**02-901 Fornleifavernd ríkisins** **1,7**

1.01 Fornleifavernd ríkisins

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Gerð er tillaga um 1,7 m.kr. tímabundið framlag til Þorláksbúðarfélagsins til áframhaldandi vinnu við endurreisn Þorláksbúðar í Skálholti.

**02-901 Fornleifavernd ríkisins** **2,8**

1.01 Fornleifavernd ríkisins

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. tímabundið framlag til Hólarannsóknarinnar til að halda áfram fornleifauppgreftri á tanganum við Kolkuós (Kolbeinsárós).

**02-901 Fornleifavernd ríkisins** **2,8**

1.01 Fornleifavernd ríkisins

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. tímabundið framlag til Hólarannsóknarinnar til áframhaldandi fornleifarannsóknar á hinu forna biskups- og menntasetri að Hólum í Hjaltadal.

**02-901 Fornleifavernd ríkisins** **1,7**

1.01 Fornleifavernd ríkisins

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Gerð er tillaga um 1,7 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á menningarsögulegum minjum í Hringsdal og nágrenni hans á vegum Arnfirðingafélagsins.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**02-901 Fornleifavernd ríkisins** **5,6**
1.01 Fornleifavernd ríkisins
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Gerð er tillaga um 5,6 m.kr. tímabundið framlag til Hins þingeyska fornleifafélags til fornleifarannsókna í Suður-Þingeyjarsýslu.

**02-901 Fornleifavernd ríkisins** **2,8**
1.01 Fornleifavernd ríkisins
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. tímabundið framlag til Fornleifastofnunar Íslands til úrvinnslu fornleifarannsóknarinnar sem fram fór í Skálholti árin 2002-2007.

**02-901 Fornleifavernd ríkisins** **0,7**
1.01 Fornleifavernd ríkisins
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Stofnun*

Gerð er tillaga um 0,7 m.kr. tímabundið framlag til Byggðasafns Skagfirðinga vegna Tyrfingsstaðaverkefnisins.

**02-901 Fornleifavernd ríkisins** **2,8**
1.01 Fornleifavernd ríkisins
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. tímabundið framlag til Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna til áframhaldandi fornleifarannsókna í Breiðafjarðareyjunum Skáley og Hrappsey.

**02-903 Þjóðskjalasafn Íslands** **75,0**
1.01 Þjóðskjalasafn Íslands
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 75 m.kr. framlag til að unnt sé að halda áfram verkefni um grunnskráningu og endurskráningu á lítt eða óskráðum skjalasöfnum og vinnu við stafræna gerð manntala. Til verkefnisins var efnt í kjölfar tillagna ríkisstjórnarinnar um mótvægisaðgerðir vegna niðurskurðar í þorskkvóta. Verkefnið hefur skapað fjölda starfa við skjalaskráningu í einum fimm héraðsskjalasöfnum á landsbyggðinni. Samkvæmt upplýsingum frá héraðsskjalasöfnunum eru nú 32 einstaklingar starfandi við verkefnið.

**02-919 Söfn, ýmis framlög** **2,1**
1.10 Listasafn ASÍ
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Stofnun*

Gerð er tillaga um 2,1 m.kr. rekstrarframlag til Listasafns ASÍ.

**02-919 Söfn, ýmis framlög** **6,0**
1.17 Leikminjasafn Íslands
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Gerð er tillaga um nýtt viðfangsefni, 1.17 Leikminjasafn Íslands, með 6 m.kr. rekstrarframlagi til safnsins.

**02-919 Söfn, ýmis framlög** **12,0**
1.42 Síldarminjasafnið á Siglufirði
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Gerð er tillaga um nýtt viðfangsefni, 1.42 Síldarminjasafn Íslands, með 12 m.kr. rekstrarframlagi til safnsins.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**02-919 Söfn, ýmis framlög** **-8,1**

1.90 Söfn, ýmis framlög

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 8,1 m.kr. lækkun liðarins.

**02-919 Söfn, ýmis framlög** **10,0**

1.98 Söfn, ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis

*Samningsbundið*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Safnahúss í Búðardal samkvæmt samningi þar að lútandi frá því í janúar. Samningurinn kveður á um 10 m.kr. framlag á ári á tímabilinu 2006-2010, eða samtals 50 m.kr. Vegna mistaka var framlagið fellt niður við fjárlagagerð fyrir árið 2009. Flutt var tillaga um að þetta yrði leiðrétt í 2. umræðu fjáraukalagafrumvarps fyrir árið 2009 og hér er gerð tillaga um 10 m.kr. lokaframlag vegna ársins 2010.

**02-919 Söfn, ýmis framlög** **-0,1**

6.90 Söfn, ýmis stofnkostnaður

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 0,1 m.kr. lækkun liðarins.

**02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands** **22,0**

1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að veitt verði 22 m.kr. framlag vegna breytinga á samningum við hljómsveitarmeðlimi í tengslum við hljóðupptökur og tónlistarflutning hljómsveitarinnar í Ríkisútvarpinu. Samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands er gert ráð fyrir að framlag Reykjavíkurborgar nemi 18% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar en það færist á tekjuhlið ríkissjóðs og kemur fram á útgjaldahliðinni sem fjármögnun með innheimtum ríkistekjum. Er því gert ráð fyrr að sú fjármögnun nemi 4 m.kr. en að beinar greiðslur úr ríkissjóði aukist um 18 m.kr. Samkvæmt lögunum um hljómsveitina er einnig kveðið á um að hún og Ríkisútvarpið geri með sér samning um flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar. Sá samningur hefur ekki verið gerður og er gert ráð fyrir að það verði tekið til athugunar í tengslum við endurnýjun á þjónustusamningi ríkisins við Ríkisútvarpið.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **2,4**

6.10 Húsafriðunarsjóður

*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Kaupfélagshúsið, elsta íbúðarhúsið á Höfn í Hornafirði.
Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**

6.10 Húsafriðunarsjóður

*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Hótel Framtíð á Djúpavogi.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **0,4**

6.10 Húsafriðunarsjóður

*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Eyrardalsbærinn í Súðavík.
Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. tímabundið framlag.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **2,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Gudmanns Minde, Gamli spítali á Akureyri.
Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **0,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Hlaðan Skjaldbreið, Kálfatjörn, Vogum.
Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Pakkhús í Ólafsvík.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **2,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar, Duus-hús.
Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Sjóræningjar ehf., endurbætur á húsnæði.
Gerð er tillaga um 1,4 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Vjelasmiðja Jóhanns Hanssonar á Seyðisfirði.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Sandahús á Akranesi.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **3,1**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Faktorshúsið á Djúpavogi.
Gerð er tillaga um 3,1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **0,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Einstaklingur*

Gamla kjötfrystihúsið í Norðurfirði á Ströndum.
Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Salthúsið Þingeyri.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Vatneyrarbúð.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **0,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Miðstræti 3, Bolungarvík.
Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Pompei norðursins.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **2,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Gamla kaupfélagið, Breiðdalsvík.
Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **2,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Einstaklingur*

Síldarverksmiðjan í Djúpavík á Ströndum.
Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **0,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Uppsalir í Selárdal, hús Gísla á Uppsölum.
Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Pakkhús sem hýsir mótorbátinn Skaftfelling.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Brydebúð í Vík.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **4,2**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Kvennaskólinn á Blönduósi.
Gerð er tillaga um 4,2 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Gamla rafstöðvarhúsið á Bíldudal.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Tangi á Fáskrúðsfirði.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Skaftholtsréttir, uppbygging.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Bryggjuhús á Wathnestorfunni á Seyðisfirði.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **2,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Ólafsdalsfélagið, endurreisn Ólafsdals í Dölum.
Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Garðahús á Akranesi.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Þiljuvellir 22, Neskaupstað.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **0,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Einstaklingur*

Hlíðarhús á Siglufirði.
Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. tímabundið framlag.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **2,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Gamla mjólkursamlagið í Borgarnesi.
Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **0,4**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fyrirtæki*

Þingborg, samkomu- og skólahús.
Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **1,0**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Öryggislyfta í gamla prestsbústaðinn að Útskálum.
Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag.

**02-979 Húsafriðunarnefnd** **0,5**
6.10 Húsafriðunarsjóður
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Norðurgata 5, Siglufirði, Herhúsfélagið.
Gerð er tillaga um 0,5 m.kr. tímabundið framlag.

**02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands** **60,0**
1.10 Kvikmyndasjóðir
*Ákvarðanir ríkisstjórnar*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að 60 m.kr. af 200 m.kr. áformaðri lækkun útgjalda vegna framlaga í Kvikmyndasjóð í frumvarpinu gangi til baka og lækkun á stuðningi sjóðsins við kvikmyndagerð geti orðið minni en frumvarpið gerir ráð fyrir.

**02-982 Listir, framlög** **8,6**
1.22 Starfsemi áhugaleikfélaga
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Gerð er tillaga um 8,6 m.kr. hækkun á framlagi til að styrkja starfsemi áhugaleikfélaga.

**02-982 Listir, framlög** **1,0**
1.70 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun á liðnum.

**02-982 Listir, framlög** **20,0**
1.90 Listir
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 20 m.kr. hækkun á liðnum.

**02-983 Ýmis fræðistörf** **-13,3**
1.11 Styrkir til útgáfumála
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 13,3 m.kr. lækkun á liðnum.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**02-983 Ýmis fræðistörf** **1,4**
1.52 Skriðuklaustur
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Gerð er tillaga um 1,4 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi fornleifarannsókna á klaustrinu sem starfrækt var á Skriðu í Fljótsdal 1493-1554. Fornleifarannsókn hefur staðið yfir frá 2002 og eru áætluð verklok 2012.

**02-983 Ýmis fræðistörf** **10,0**
1.55 Þórbergssetur
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Lagt er til að 10 m.kr. framlag verði fært af 02-999-1.90 Ýmis framlög yfir á nýtt viðfang, 02-983-1.55 Þórbergssetur. Fyrirhugað er að gera samning milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Þórbergssetur um rekstur.

**02-988 Æskulýðsmál** **-0,9**
1.90 Æskulýðsmál
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 0,9 m.kr. lækkun á liðnum.

**02-989 Ýmis íþróttamál** **15,0**
1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag til undirbúnings og þátttöku í vetrarólympíuleikunum 2010.

**02-989 Ýmis íþróttamál** **0,5**
1.14 Íþróttasamband fatlaðra
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Gerð er tillaga um að hverfa frá 0,5 m.kr. skerðingu á framlagi til Íþróttasambands fatlaðra.

**02-999 Ýmislegt** **-5,2**
1.90 Ýmis framlög
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 5,2 m.kr. lækkun á liðnum.

**02-999 Ýmislegt** **1,6**
6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 1,6 m.kr. hækkun á liðnum.

***Samtals mennta- og menningarmálaráðuneyti 1.019,2***

**03-199 Ráðstöfunarfé** **-1,5**
1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé utanríkisráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**03-300 Sendiráð Íslands** **235,7**
1.01 Sendiráð Íslands
*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 235,7 m.kr. aukna fjárheimild til leiðréttingar á verðlagsuppfærslu. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2009 voru gerð mistök sem leiddu til þess að það misfórst að reikna áhrif af veikingu íslensku krónunnar á staðaruppbætur starfsmanna í sendiráðum, samtals að fjárhæð 213,5 m.kr. Vegna þessa var fjárlagagrunnur sendiráðanna rangur við verðlagsuppfærslu í fumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010 en hann hefði átt að vera 22,2 m.kr. hærri. Samtals nemur skekkjan sem þarf að leiðrétta af þessum sökum því 235,7 m.kr.

**03-300 Sendiráð Íslands** **27,0**
1.01 Sendiráð Íslands
*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lögð er til 27 m.kr fjárveiting til leigu á sendiherrabústað í New York. Utanríkisráðuneytið hefur nú selt sendiherrabústaðinn í New York fyrir 4,45 milljónir bandaríkjadala eða sem svarar til nálægt 550 m.kr. Tekjur af söluandvirðinu færast á tekjuhlið ríkissjóðs á árinu 2009. Að sinni telur ráðuneytið réttast að leigja sendiherrabústað í New York frá næstu áramótum. Ráðuneytið gerir engu síður ráð fyrir að fest verði kaup á sendiherrabústað í New York síðar en hefur að svo komnu máli ekki vissu fyrir hvenær af því gæti orðið.

**03-300 Sendiráð Íslands** **-50,0**
1.01 Sendiráð Íslands
*Hagræðing starfsemi*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Lagt er til að rekstrarframlag sendiráða lækki um 50 m.kr. Í frumvarpinu var búið að gera ráð fyrir tiltekinni hagræðingu í rekstri sem ætlað var að skila 3% lækkun á rekstrarkostnaði. Frekari ráðstafanir til hagræðingar í verkefnum utanríkisþjónustunnar hafa verið til athugunar og er nú áformað að draga enn frekar úr rekstrarkostnaði sendiráða. Á aðalskrifstofu ráðuneytisins hafa einnig verið ákveðnar ýmsar ráðstafanir til að draga saman starfsemi á nokkrum sviðum með innri hagræðingu, einkum með breytingum í starfsmannahaldi, til að mæta með þeim hætti nýjum verkefnum og álagi sem fylgir umsókn um aðild að Evrópusambandinu án þess að hækka þurfi fjárheimildir.

**03-611 Útflutningsráð Íslands** **2,7**
1.10 Útflutningsráð Íslands
*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 2,7 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur af markaðsgjaldi.

***Samtals utanríkisráðuneyti 213,9***

**04-190 Ýmis verkefni** **0,0**
1.21 Lífræn ræktun
*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að heiti viðfangsefnisins verði breytt úr Landþurrkun í Lífræn ræktun. Er breytingin lögð til í samræmi við þau verkefni sem heyra undir viðfangsefnið.

**04-190 Ýmis verkefni** **4,0**
1.35 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla
*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Stofnun*

Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til að halda úti skólaskipinu Dröfn.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**04-190 Ýmis verkefni** **-4,7**

1.90 Ýmis verkefni

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 4,7 m.kr. lækkun liðarins.

**04-199 Ráðstöfunarfé** **-1,5**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

**04-481 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar** **3,5**

1.01 Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. aukna fjárheimild til leiðréttingar á verðlagsuppfærslu. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið frumvarpsins misfórst að reikna verðlagshækkun.

**04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar** **0,6**

1.11 Bændur græða landið

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 0,6 m.kr. aukna fjárheimild til leiðréttingar á verðlagsuppfærslu. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið frumvarpsins misfórst að reikna verðlagshækkun.

**04-483 Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar** **0,4**

1.15 Rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. aukna fjárheimild til leiðréttingar á verðlagsuppfærslu. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið frumvarpsins misfórst að reikna verðlagshækkun.

**04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu** **30,0**

1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lögð er til 30 m.kr. hækkun á niðurgreiðslum til lýsingar í ylrækt. Er framlaginu ætlað að koma til móts við þá hækkun sem orðið hefur á framleiðslukostnaði hjá garðyrkjubændum að undanförnu með hækkandi raforkuverði og flutningskostnaði rafmagns.

**04-807 Greiðslur vegna grænmetisframleiðslu** **8,5**

1.05 Niðurgreiðsla á lýsingu í ylrækt

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að framlag til liðarins hækki um 8,5 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að garðyrkja og ylrækt verði undanþegin 0,12 kr. raforkuskatti samkvæmt frumvarpi þess efnis um umhverfis- og auðlindaskatta. Er þá miðað við að raforkunotkun í garðykju og ylrækt sé um 70.475.556 kWst á ári samkvæmt upplýsingum úr iðnaðarráðuneytinu.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**04-811 Bændasamtök Íslands** **17,2**

1.11 Ráðgjafaþjónusta og búfjárrækt

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að framlag til liðarins hækki um 17,2 m.kr. Í frumvarpinu voru framlög til liðarins lækkuð um þá fjárhæð á endurmetnu verðlagi 2009 í samræmi við samning, dags. 17. maí 2005, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998. Samningurinn felur í sér árlega hagræðingarkröfu. Þessu til viðbótar var ein af sérstökum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum að lækka framlag til Bændasamtaka Íslands um 100 m.kr. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gerði ráð fyrir að 17,2 m.kr. lækkunin sem var innifalin í búnaðarlagasamningnum væri hluti af 100 m.kr. niðurskurðarkröfunni og var málið kynnt þannig fyrir Bændasamtökunum. Með þessari tillögu er því lagt til að framlagið hækki aftur um 17,2 m.kr. þannig að lækkunin á framlaginu verði samtals 100 m.kr. en ekki 117,2 m.kr.

***Samtals sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti 58,0***

**06-101 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa** **10,3**

1.01 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, aðalskrifstofa

*Lögbundið*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárveiting dómsmála- og mannréttindaráðuneytis í frumvarpinu hækki um 10,3 m.kr. Í tengslum við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins 1. október sl. fluttust verkefni sem tengjast neytendamálum frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Um er að ræða eitt starf skrifstofustjóra. Gert er ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárveitingar hjá aðalskrifstofu efnahags- og viðskiptaráðuneytis.

**06-190 Ýmis verkefni** **3,5**

1.48 Hollvinasamtök varðskipsins Óðins

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi standsetningar á varðskipinu Óðni, sem nú er safnskip, og til að bæta aðgengi gesta.

**06-199 Ráðstöfunarfé** **-2,4**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé dómsmála- og mannréttindaráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

**06-201 Hæstiréttur** **16,0**

1.01 Hæstiréttur

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárveitingar til réttarins hækki um 16 m.kr. í ljósi þess að horfur eru á að málum tengdum bankahruninu komi til að fjölga hjá Hæstarétti. Fjárveitingunni yrði aðallega ráðstafað til með að fjölga aðstoðarmönnum dómara. Málum sem fara fyrir Hæstarétt hefur einnig fjölgað úr um 500 á ári í um 700 á sl. tveimur árum. Af þessum sökum hefur biðtími mála lengst um 15%.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**06-210 Héraðsdómstólar** **86,0**

1.01 Héraðsdómstólar

*Lögbundið*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárveiting til héraðsdómstólanna hækki tímabundið um 86 m.kr. í samræmi við frumvarp um breytingar á lögum um dómstóla, nr. 15/1998. Með frumvarpinu er kveðið á um að dómarar í héraði skuli vera 43 í stað 38 eins og nú er. Gert er ráð fyrir að um tímabundna fjölgun dómara sé að ræða, eða til 1. janúar 2013. Áætluð launagjöld vegna þessa nema 53 m.kr. á ári. Jafnframt er lagt til að aðstoðarmönnum dómara verði fjölgað um fimm talsins og er áætlað að það kosti 33 m.kr. á ári. Tilgangurinn er að mæta fyrirséðu auknu álagi á dómstólana í kjölfar dómsmála sem tengjast falli bankanna. Til að mæta þessari útgjaldahækkun hefur dómsmálaráðherra lagt til hækkun dómsmálagjalda sem innheimt eru samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs og liggur nú fyrir frumvarp fjármálaráðherra um það sem felur í sér að hækkun dómsmálagjalda er mun meiri en annarra gjalda.

**06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál** **13,5**

1.17 Rannsóknamiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Gerð er tillaga um 13,5 m.kr. framlag til Rannsóknamiðstöðvar HÍ í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi en framlag til miðstöðvarinnar var fellt niður í frumvarpinu í hagræðingarskyni.

**06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins** **30,0**

1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 30 m.kr. framlag til að styrkja meðferðarúrræði á Litla-Hrauni og verkefni á félagslegum grunni og til að mæta atvinnuúrræðum.

**06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins** **107,2**

1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að rekstrarfjárveiting Fangelsismálastofnunar hækki um 107,2 m.kr. vegna fjölgunar fangarýma um 16 í bráðabirgðahúsnæði.
Í septembermánuði féllst ríkisstjórnin á tillögu dómsmála- og mannréttindaráðherra um að leigja húsnæði undir bráðabirgðafangelsi þar sem aukinn fjöldi gæsluvarðhaldsfanga hefur leitt til neyðarástands í þessum málaflokki. Nú er stefnt að því að leigja húsnæði á Suðurlandi til þessara nota og tengja reksturinn við Litla-Hraun eftir því sem hægt er þannig að rekstrarkostnaði verði haldið í lágmarki. Rekstraráætlun vegna þessara rýma felur í sér um 63 m.kr. launagjöld og húsaleiga er samkvæmt tilboði tæpar 18 m.kr. á ári. Um 13 m.kr. útgjöld skýrast af rekstrarvörukaupum.

**06-701 Þjóðkirkjan** **1,8**

6.28 Þingeyraklausturskirkja

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Gerð er tillaga um 1,8 m.kr. tímabundið framlag vegna byggingarkostnaðar klausturstofu Þingeyraklausturskirkju.

**06-707 Kristnisjóður** **6,0**

1.10 Kristnisjóður

*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að jafnað verði niður hagræðingarkröfu á fjárlagaliði vegna kirkjumálefna í samræmi við samkomulag við Þjóðkirkjuna þannig að hún verði sem næst 10% á hverjum lið fyrir sig. Í því felst að lögð er til 6 m.kr. hækkun framlags til Kristnisjóðs en að á móti lækki framlag til 06-733 Kirkjugarða jafnmikið samkvæmt tillögu undir þeim fjárlagalið.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**06-733 Kirkjugarðar** **-6,0**

1.11 Kirkjugarðar

*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að jafnað verði niður hagræðingarkröfu á fjárlagaliði vegna kirkjumálefna í samræmi við samkomulag við þjóðkirkjuna þannig að hún verði sem næst 10% á hverjum lið fyrir sig. Í því felst að lögð er til 6 m.kr. lækkun til kirkjugarða en á móti hækki framlag til 06-707 Kirkjusjóðs jafnmikið samkvæmt tillögu undir þeim fjárlagalið.

***Samtals dómsmála- og mannréttindaráðuneyti 265,9***

**07-199 Ráðstöfunarfé** **-1,5**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé félags- og tryggingamálaráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

**07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi** **1,4**

1.30 Verndaðir vinnustaðir

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Gerð er tillaga um 1,4 m.kr. tímabundið framlag til framkvæmda við lóð og aðgengismál við Jónsver sem er vinnustofa á Vopnafirði fyrir fólk með skerta starfsorku.

**07-821 Tryggingastofnun ríkisins** **0,0**

1.01 Tryggingastofnun ríkisins

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að velta stofnunarinnar dragist saman þannig að bæði útgjöld og sértekjur lækki um 613,4 m.kr. Greiðslur úr ríkissjóði verða óbreyttar eftir sem áður. Eftir að Sjúkratryggingum Íslands var komið á fót hefur verið gert ráð fyrir því í fjárlögum að sú stofnun kaupi ýmsan kerfisrekstur og umsýslu með sjúkratryggingum frá Tryggingastofnun samkvæmt samningi. Sú velta hefur orðið umtalsvert minni en ráð var fyrir gert  þannig að lækka þarf veltuna frá því sem reiknað var með í frumvarpinu.

**07-821 Tryggingastofnun ríkisins** **12,0**

1.01 Tryggingastofnun ríkisins

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að launa- og verðlagsútreikningur Tryggingastofnunar verði leiðréttur í samræmi við tillögu um breytt rekstrarumfang TR. Þegar Sjúkratryggingum Íslands var komið á fót var gert ráð fyrir því í fjárlögum að sú stofnun keypti ýmsa þjónustu af Tryggingastofnun samkvæmt samningi, t.d. kerfisrekstur og umsýslu með sjúkratryggingum. Tekjur Tryggingastofnunar vegna sölu á þjónustu til Sjúkratrygginga Íslands eru hins vegar umtalsvert minni en ráð var fyrir gert og á það einnig við um rekstrargjöld. Verðlagsreikningur fjárlagafrumvarpsins miðaðist því ekki við rétta veltu sem leiddi til þess að áætlaðar sértekjur voru hækkaðar upp um 12 m.kr. umfram útgjöld. Miðað við leiðréttingu á gjalda- og tekjugrunni Tryggingastofnunar, sem einnig er gerð tillaga um, hafa laun verið ofreiknuð um 7,6 m.kr., önnur gjöld um 11 m.kr. og sértekjur um 30,6 m.kr. Með tillögunni er lagt til að þessar fjárhæðir verði leiðréttar þannig að framlag úr ríkissjóði hækki um 12 m.kr.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**07-827 Lífeyristryggingar** **0,0**
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega
*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gert er ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði til að fjármagna lífeyristryggingar lækki um 171,6 m.kr. til að vega upp á móti hækkun tekna af tryggingagjaldi sem varið verður til þessara verkefna á næsta ári.

**07-980 Vinnumálastofnun** **0,0**
1.01 Vinnumálastofnun
*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að heimild Vinnumálastofnunar til að stofna til útgjalda verði hækkuð tímabundið um 130 m.kr. á árinu 2010. Þar af renni 40 m.kr. til Greiðslustofu Vinnumálastofnunar. Samhliða breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun komi í framkvæmd aðgerðum til að bregðast við vaxandi vanda ungs fólks í atvinnuleit og langtímaatvinnulausra. Gert er ráð fyrir framlagi til þessa átaks í annarri tillögu á lið Atvinnuleysistryggingasjóðs.

**07-982 Ábyrgðasjóður launa** **-10,0**
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota
*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Vegna 0,05% hækkunar á ábyrgðargjaldi launa er áætlað að vaxtagjöld sjóðsins af skuld við ríkissjóð lækki um 10 m.kr. frá fyrri áætlun og verði samtals 110 m.kr. Lagt er til að útgjaldaheimild sjóðsins lækki sem þessu nemur.

**07-982 Ábyrgðasjóður launa** **70,0**
1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota
*Lögbundið*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að útgjöld Ábyrgðasjóðs launa hækki um 70 m.kr. frá því sem ætlað var í frumvarpinu. Með lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, var felld niður heimild sjóðsins til að greiða vaxtagjöld af lífeyrissjóðsiðgjöldum. Ákveðið hefur verið að falla frá þeirri breytingu en hækka þess í stað ábyrgðargjaldið um 0,05%. Gjaldið verður þá 0,25% af gjaldstofni frá og með 1. janúar 2010.

**07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður** **-1.500,0**
1.11 Atvinnuleysisbætur
*Hagrænt eða kerfislægt*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild vegna atvinnuleysisbóta lækki um 1.500 m.kr. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að atvinnuleysi yrði að jafnaði 10,6% á árinu 2010. Ný spá gerir ráð fyrir að það verði 9,6%. Á móti vegur að í forsendum frumvarpsins var nokkurt vanmat á kostnaði af atvinnuleysisbótum sem teljast til vinnumarkaðsúrræða. Til viðbótar þessari lækkun útgjalda hefur þegar verið gert ráð fyrir 1.550 m.kr. lækkun á útgjaldaheimild Atvinnuleysistryggingasjóðs sem náð verður með breytingum á ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar og hertu eftirliti af hálfu Vinnumálastofnunar.

**07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður** **-820,0**
1.11 Atvinnuleysisbætur
*Hagræðing starfsemi*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild vegna atvinnuleysisbóta lækki um 820 m.kr. í samræmi við fyrirliggjandi frumvarp um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar o.fl. Þar er gert ráð fyrir að draga úr bótarétti námsmanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga þannig að samtals sparist um 1.570 m.kr. á ári í atvinnuleysisbótum. Í frumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir 750 m.kr. samdrætti í útgjöldunum en þessum viðbótaraðgerðum er ætlað að fjármagna útgjöld við vinnumarkaðsaðgerðir og aukna umsýslu hjá Vinnumálastofnun sem fram koma í tillögu undir tveimur öðrum viðfangsefnum sjóðsins.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður** **130,0**

1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar

*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild þessa viðfangsefnis hækki tímabundið um 130 m.kr. til að Vinnumálastofnun geti brugðist við vaxandi atvinnuleysi meðal ungs fólks. Þar af eru 90 m.kr. vegna umsýslu við vinnumarkaðsaðgerðir og 40 m.kr. vegna aukins álags á greiðsluþjónustu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Innan fjárheimilda Atvinnuleysistryggingasjóðs eru áætlaðar 912 m.kr. til að veita aukna þjónustu vegna langtímaatvinnuleysis. Fjármagna á átakið með sparnaði sem næst með breyttum reglum um rétt sjálfstætt starfandi til atvinnuleysistrygginga, breytingum á rétti námsmanna og betra eftirliti með útgjöldum. Vonir standa til að átakið skili þeim árangri strax á fyrri hluta ársins að áunninn sparnaður og minnkandi atvinnuleysi skapi rúm fyrir fjármögnun þess á seinni hluta ársins án hækkunar tryggingagjalds. Verði tafir á því verður fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs endurmetin á miðju ári.

**07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður** **690,0**

1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði

*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að gert verði ráð fyrir 690 m.kr. hækkun á fjárheimild þessa viðfangsefnis til að bregðast við vanda langtímaatvinnulausra og vaxandi atvinnuleysi meðal ungs fólks. Fjármögnun átaksins verður byggð á sparnaði í atvinnuleysisbótum sem næst með breyttum reglum um rétt sjálfstætt starfandi til atvinnuleysistrygginga, breytingum á rétti námsmanna og betra eftirliti með útgjöldum. Vonir standa til að átakið skili þeim árangri strax á fyrri hluta ársins að áunninn sparnaður og minnkandi atvinnuleysi skapi rúm fyrir fjármögnun þess á seinni hluta ársins án hækkunar tryggingagjalds. Verði tafir á því verður fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs endurmetin á miðju ári.

**07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður** **-440,0**

1.81 Vaxtatekjur

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gert er ráð fyrir að vaxtagjöld sem sjóðurinn greiðir til ríkissjóðs vegna fjármögnunar á útgjöldum umfram markaðar tekjur lækki um 440 m.kr. frá því sem reiknað er með í frumvarpinu. Áætlað er að með hækkun á atvinnutryggingagjaldi úr 2,21% í 3,81% muni tekjur af gjaldinu nægja til að standa undir greiðslu atvinnuleysisbóta og annarra útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ekki er því reiknað með að sjóðurinn þurfi að greiða ríkissjóði vexti á næsta ári.

**07-989 Fæðingarorlof** **-60,0**

1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar

*Hagræðing starfsemi*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 60 m.kr. í kjölfar breytinga á ákvæðum laga um foreldra- og fæðingarorlof. Sú breyting gerir ráð fyrir að greiðsla fæðingarstyrks fyrir einn mánuð af sameiginlegum rétti foreldra frestist þar til að barnið nær 36 mánaða aldri eða 36 mánuðum eftir að barn kom inn á heimili.

**07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi** **2,8**

1.35 Félag heyrnarlausra

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Félagasamtök*

Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. tímabundið framlag til Félags heyrnarlausra.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi** **16,0**

1.48 Fjölmenningarsetur á Ísafirði

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 16 m.kr. hækkun á framlagi til Fjölmenningarsetursins á Ísafirði.

**07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi** **1,0**

1.90 Ýmis framlög

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 1 m.kr. hækkun liðarins.

***Samtals félags- og tryggingamálaráðuneyti -1.908,3***

**08-199 Ráðstöfunarfé** **-2,4**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé heilbrigðisráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

**08-206 Sjúkratryggingar** **1.167,0**

1.16 Lyf með S-merkingu

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild til S-merktra lyfja stóru sjúkrahúsanna hækki um 1.167 m.kr. frá því sem reiknað var með í ljósi endurskoðaðrar áætlunar sem tekur mið af áætlaðri útkomu ársins 2009. Við 2. umræðu um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2009 var ákveðið að flytja fjárheimildir frá Landspítalanum og Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar vegna S-merktra lyfja yfir á sérstakt viðfangsefni hjá Sjúkratryggingum í því skyni að skerpa á kostnaðareftirliti í ljósi þess að útgjöldin höfðu vaxið hratt á föstu verðlagi undanfarin ár. Sú fjárveiting var á verðlagi fjárlagafrumvarpsins 2009 eins og allar aðrar fjárveitingar og voru sá heimildargrunnur sem heilbrigðisráðuneytið ætlaði til S-merktra lyfja á árinu 2009. Fjárveitingin sem færð var yfir til Sjúkratrygginga hefur síðan tekið gengisbreytingum miðað við verðlags- og gengisforsendur fjárlaga, þ.e. við 3. umræðu fjárlaga 2009 og í fjárlagafrumvarpinu 2010. Engu síður er nú útlit fyrir að 1.167 m.kr. vanti upp á að framlög til S-merktra lyfja samkvæmt frumvarpinu dugi fyrir útgjöldum næsta árs ef miðað er við útgjöldin fyrstu tíu mánuði þessa árs og áætlun til ársloka að teknu tilliti til gengisbreytinga.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**08-373 Landspítali** **0,0**

1.01 Landspítali

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lögð er til 120,5 m.kr. tilfærsla af sértekjum yfir á laun og önnur gjöld. Nú er svo komið að spítalinn telur sig ekki geta staðið undir þeirri sértekjukröfu sem á hann er gerð í frumvarpinu. Á fjárlögum 2009 var sértekjukrafa spítalans hækkuð um 14,3% eða 337 m.kr. í samræmi við áætlaða hækkun verðlags. Stærstur hluti sérteknanna er komugjöld sjúklinga sem alla jafna hækka ekki nema samkvæmt ákvörðun heilbrigðisráðherra og þá með breytingu á reglugerð nr. 1204/2008 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Til viðbótar þessari verðlagshækkun var hluti af hagræðingaraðgerðum heilbrigðisráðuneytis í ár að koma á nýjum gjaldastofni vegna inniliggjandi sjúklinga og auka tekjur sem nam 360 m.kr. Af þessum nýja gjaldstofni varð ekki, en komugjöld sem fyrir voru í kerfinu voru hækkuð sem nam 335 m.kr., þar af komu 120,5 m.kr. í hlut spítalans. Framlög til spítalans voru lækkuð innan ársins sem nam þessum 120 m.kr. og endanlega færð í formi hækkaðrar sértekjukröfu í rekstrargrunn spítalans í frumvarpi 2010. Enn fremur hækka sértekjur spítalans um 141 m.kr. í frumvarpinu vegna verðlagsreikninga. Landspítali telur sig ekki geta mætt þeirri sértekjukröfu sem honum er ætluð í frumvarpinu.

**08-379 Sjúkrahús, óskipt** **-20,0**

1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa

*Niðurfellt*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Í fjárlögum 2008 var samþykkt 20 m.kr. heimild til að hefja leit að krabbameini í ristli og endaþarmi hjá einstaklingum af báðum kynjum á aldrinum 60-69 ára. Frekari skoðun hefur leitt í ljós að umtalsvert meiri kostnaður fylgir því að hefja leit að krabbameini í ristli og endaþarmi hjá þessum aldurshópi og eru því ekki taldar forsendur til að hefja þetta verkefni við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum. Er því lagt til að fjárheimildin verði felld niður.

**08-397 Lyfjastofnun** **200,0**

1.01 Lyfjastofnun

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að útgjaldaheimild Lyfjastofnunar hækki um 226,5 m.kr. en að áætlaðar sértekjur hækki jafnframt um 26,5 m.kr. Fjárþörf vegna reksturs stofnunarinnar eykst þar með um 200 m.kr. en því verður mætt með hækkun á áætlun um fjármögnun með mörkuðum ríkistekjum stofnunarinnar. Áætlun um markaðar tekjur stofnunarinnar gerir ráð fyrir að þær verði 403,5 m.kr. á næsta ári og að við það bætist sértekjur að fjárhæð 55,2 m.kr. Með tillögunni er gert ráð fyrir að þessum tekjum verði ráðstafað til að standa undir rekstrargjöldum að frádreginni hagræðingarkröfu sem nemur 9,6 m.kr. fyrir árið 2009 og 34,1 m.kr. fyrir árið 2010. Velta Lyfjastofnunar hefur á undanförnum árum verið umtalsvert meiri en gert hefur verið ráð fyrir í fjárheimildum fjárlaga og hefur útgjaldaaukning stofnunarinnar verið langt umfram almenna þróun ríkisútgjalda. Með tillögunni er verið að færa heimildir fjárlaga að raunverulegri veltu stofnunarinnar en jafnframt gert ráð fyrir að eftirleiðis fylgi heilbrigðisráðuneytið og stjórnendur stofnunarinnar betur eftir rekstraráætlunum þannig að þær verði innan þeirra fjárheimilda sem settar eru í fjárlögum.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi** **20,0**

1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild hækki um 20 m.kr. vegna nýs samnings við Krabbameinsfélagið um leit að krabbameini í leghálsi og brjóstum kvenna. Á móti þessari tillögu er gerð tillaga um að fella niður 20 m.kr. heimild frá fjárlögum 2008 um leit að krabbameini í ristli og endaþarmi þar sem kostnaður við verkefnið er töluvert umfram þá heimild sem veitt var til verkefnisins. Þegar tillit er tekið til niðurfellingarinnar helst rammi heilbrigðisráðuneytisins óbreyttur.

**08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi** **55,3**

1.43 Viðbúnaður gegn farsóttum

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 55,3 m.kr. tímabundna hækkun á fjárheimild vegna viðbúnaðar gegn heimsfaraldri svínainflúensu til viðbótar við 95 m.kr. sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Hækkunin skýrist í fyrsta lagi af virðisaukaskatti á bóluefni sem nemur 23,3 m.kr. og heilbrigðisráðuneytinu láðist að reikna með í áætlun frumvarpsins, í öðru lagi af kaupum á inflúensulyfjum og öðrum sýklalyfjum fyrir 10 m.kr., í þriðja lagi af 5 m.kr. árlegum kostnaði við lagerhald lyfja, í fjórða lagi af 12 m.kr. árlegum kostnaði við birgðahald hlífðarbúnaðar og í fimmta lagi af 5 m.kr. kostnaði dreypilyfja.

**08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi** **-0,3**

1.90 Ýmis framlög

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 0,3 m.kr. lækkun liðarins.

**08-491 Reykjalundur, Mosfellsbæ** **29,1**

1.10 Reykjalundur, Mosfellsbæ

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lögð er til 29,1 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna leiðréttingar á verðlagsuppfærslu. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið frumvarpsins urðu þau mistök að ekki reiknaðist 5% verðlagsuppfærsla á þennan lið eins og á önnur rekstrargjöld stofnana, auk þess sem hækkun á tryggingagjaldi úr 5,34% í 7% skilaði sér ekki.

***Samtals heilbrigðisráðuneyti 1.448,7***

**09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa** **35,5**

1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að veitt verði tímabundin fjárveiting að upphæð 35,5 m.kr. til þess að fjármagna kaup á sérfræðiþjónustu í tengslum við endurreisn efnahagslífsins. Um er að ræða viðbótarkostnað sem ekki var gert ráð fyrir í frumvarpinu. Áætlað er að kostnaður vegna skuldastýringar og umsýslu á kröfum ríkissjóðs nemi 30 m.kr. Gert er ráð fyrir að Seðlabanki Íslands sinni hluta af þessum verkefnum áfram. Jafnframt er í tillögunni gert ráð fyrir áætlaðri aðkeyptri sérfræðiþjónusta vegna sparisjóða og minni fjármálafyrirtækja að fjárhæð 5,5 m.kr.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa** **-74,2**

1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

*Lögbundið*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárveiting fjármálaráðuneytis í frumvarpinu lækki um 74,2 m.kr. Í tengslum við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands 1. október sl. fluttust verkefni sem tengjast efnahagsmálum og meðferð bókhalds og ársreikninga frá fjármálaráðuneyti til efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Samtals eru þetta 8,5 stöðugildi. Um er að ræða millifærslu til aðalskrifstofu efnahags- og viðskiptaráðuneytis að upphæð 42,5 m.kr. annars vegar og hins vegar 31,7 m.kr. til Hagstofu Íslands.

**09-103 Fjársýsla ríkisins** **18,2**

1.43 Tekjubókhaldskerfi

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lögð er til 18,2 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna tekjubókhaldskerfis hjá Fjársýslu ríkisins. Við uppfærslu á launa- og verðlagslið frumvarpsins urðu þau mistök að ekki reiknaðist 5% verðlagsuppfærsla á þennan lið eins og á önnur rekstrargjöld stofnana.

**09-199 Ráðstöfunarfé** **-1,5**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 1,5 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé fjármálaráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

**09-210 Ríkisskattstjóri** **21,5**

1.01 Almennur rekstur

*Lögbundið*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 21,5 m.kr. tímabundna fjárveitingu á næsta ári til þess að standa straum af kynningarkostnaði, auglýsingum og almennri fræðslu í tengslum við breytingar á lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt og upptöku umhverfis- og auðlindaskatts. Þar af eru 15 m.kr. vegna breyttra tekjuskattslaga, 1 m.kr. vegna umhverfis- og auðlindaskattslaga og 5,5 m.kr. vegna virðisaukaskattslaga.

**09-210 Ríkisskattstjóri** **62,2**

6.41 Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi

*Lögbundið*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um tímabundna fjárheimild að fjárhæð 62,2 m.kr. vegna breytinga á upplýsingakerfum embættisins í tengslum við breytingar á lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt og vegna nýrra laga um umhverfis- og auðlindaskatt. Um er að ræða breytingar á tölvukerfum, forritun, endursmíði, breytingar á leiðbeiningum og þess háttar. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna breytinga á tekjuskatti nemi 51 m.kr., vegna kolefnisskatts 2,5 m.kr. og vegna virðisaukaskatts 8,7 m.kr.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld** **20,0**

1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundna fjárveitingu í tvö ár vegna tímabundins átaks við skattrannsóknir. Á árinu 2009 var ákveðið að ráðast í sérstakt átaksverkefni í skattrannsóknum vegna bankahrunsins. Ákveðið var að flytja til tíu starfsmenn úr skattkerfinu til þess að sinna umræddu verkefni (fimm frá skattrannsóknarstjóra og fimm úr öðrum stofnunum skattkerfisins). Tekið var á leigu sérstakt húsnæði í Borgartúni 7 undir starfsemina sem hefur í för með sér viðbótarrekstrarkostnað að upphæð 15 m.kr. Auk þess er gert ráð fyrir aðkeyptri sérfræðiþjónustu að upphæð a.m.k. 5 m.kr. Meginhluti launakostnaðar umræddra tíu starfsmanna mun verða greiddur af skattrannsóknarstjóra og öðrum stofnunum skattkerfisins.

**09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða** **17,7**

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af fjmr.*
*Fjármálaráðuneyti*

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 17,7 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi.

**09-393 Starfsendurhæfingarsjóður** **0,0**

1.11 Starfsendurhæfingarsjóður

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fagráðuneyti*

Heiti Endurhæfingarsjóðs hefur verið breytt í Starfsendurhæfingarsjóð samkvæmt skipulagsskrá og breytist því heiti fjárlagaliðarins samkvæmt því.

**09-721 Fjármagnstekjuskattur** **1.940,0**

1.11 Fjármagnstekjuskattur

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna hækki um 1.940 m.kr. og verði 4.647 m.kr. Skýrist það að mestu af hækkun fjármagnstekjuskatts úr 10% í 18% frá 1. janúar 2010. Fjármangstekjukatturinn færist einnig á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins.

**09-811 Barnabætur** **1.000,0**

1.11 Barnabætur

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 1.000 m.kr. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að falla frá áformum um skerðingu á barnabótum sem lið í aðhaldsaðgerðum og verður til ráðstöfunar sama fjárhæð og árið 2009 til að greiða út bætur. Gert er ráð fyrir því að þessu verði mætt með tekjum af nýju auðlegðargjaldi.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**09-821 Vaxtabætur** **2.300,0**

1.11 Vaxtabætur

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 2.300 m.kr. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hækka greiðslur vaxtabóta á árinu 2010 með sama hætti og gert var á árinu 2009. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að hækkunin verði fjármögnuð með skattlagningu af útleystum séreignarsparnaði en á næsta ári er gert ráð fyrir að á móti hækkun vaxtabótanna komi tekjur af nýju auðlegðargjaldi. Þannig verði viðhaldið þeirri hækkun vaxtabóta sem ákveðin var á sumarþinginu.

Á hinn bóginn er nú gert ráð fyrir að útgreiðslur vaxtabóta gætu aukist talsvert umfram forsendur í frumvarpinu að óbreyttu vegna lækkaðs eiginfjárhlutfalls íbúðareigenda, aukningar skulda og vaxtagreiðslna af þeim og vegna lægri launa. Því hefur verið gert ráð fyrir að reglum verði breytt til að sporna við frekari hækkun vaxtabóta, t.d. með því að hámark vaxtagjalda af eftirstöðvum skulda sem koma til bótaútreiknings verði lækkað. Verði ekki af þessum breytingum á vaxtabótakerfinu má gera ráð fyrir því að greiðslur vaxtabóta aukist um allt að 2.000 m.kr. til viðbótar við það sem gert er ráð fyrir í þessari tillögu.

**09-984 Fasteignir ríkissjóðs** **-271,3**

1.11 Rekstur fasteigna

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að önnur gjöld verði lækkuð um 80,7 m.kr. og að sértekjur verði hækkaðar um 190,6 m.kr. Við endurskoðun á rekstrarumfangi stofnunarinnar hefur komið í ljós að rekstrargjöld eru ofáætluð í frumvarpinu, m.a. vegna lægri fasteignagjalda en áður var reiknað með, og að leigutekjur eru vantaldar vegna nýrra fasteigna sem flytjast til stofnunarinnar. Samtals er þetta breyting á umfangi að fjárhæð 271,3 m.kr. sem veitir svigrúm til aukinna viðhaldsverkefna. Lagt er til að liðurinn 09-984-5.21 verði hækkaður um 271,3 m.kr. og heimilað verði að ráðstafa fjárheimildum í aukið viðhald vegna fjölgunar á fasteignum í umsjá stofnunarinnar.

**09-984 Fasteignir ríkissjóðs** **271,3**

5.21 Viðhald fasteigna

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárveitingin verði hækkuð um 271,3 m.kr. og heimilað verði að ráðstafa henni í viðhald vegna fjölgunar á fasteignum í umsjá stofnunarinnar. Við endurskoðun á rekstrarumfangi stofnunarinnar hefur komið í ljós að rekstrargjöld eru ofáætluð í frumvarpinu um 80,7 m.kr., m.a. vegna lægri fasteignagjalda en áður var reiknað með, og að leigutekjur eru vantaldar um 190,6 m.kr. vegna nýrra fasteigna sem flytjast til stofnunarinnar. Samtals gerir þetta kleift að auka viðhaldsverkefni sem nemur 271,3 m.kr.

**09-984 Fasteignir ríkissjóðs** **80,0**

5.21 Viðhald fasteigna

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Óskað er eftir tímabundinni 80 m.kr. hækkun á fjárheimild á árinu 2010 til að auka við mannaflsfrek viðhaldsverkefni á vegum Fasteigna ríkissjóðs sem fjármögnuð verði með beinu framlagi úr ríkissjóði. Stofnunin hefur tekið að sér talsverðan fjölda af nýjum fasteignum, m.a. frá heilbrigðisráðuneytinu, og er ætlunin að ráðast í ýmis lítil viðhaldsverkefni sem eru mannaflsfrek.

**09-989 Ófyrirséð útgjöld** **-115,7**

1.90 Ófyrirséð útgjöld

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 115,7 m.kr. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir hækkunum á fjárheimildum í tengslum við aukinn launakostnað sem leiðir af hækkun tryggingagjalds úr 5,34% í 7% frá 1. júlí sl. Fyrir mistök reiknaðist hækkun á þennan lið sem ekki er þörf fyrir.

**09-989 Ófyrirséð útgjöld** **2.161,6**

1.90 Ófyrirséð útgjöld

*Launa- og verðlagsbætur fjmrn.*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Með lögum um breytingar á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, hækka samanlögð gjöld úr 7% í 8,65% eða um 1,65% frá því sem gert var ráð fyrir í forsendum frumvarpsins. Áhrif þessarar lagasetningar á útgjöld ríkissjóðs á árinu 2010 eru metin á um 2,2 milljarða kr. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu þess. Fjármögnun útgjaldanna með beinum greiðslum úr ríkissjóði eða innheimtum ríkistekjum breytist jafnframt til samræmis við þetta.

**09-999 Ýmislegt** **-37,0**

1.18 Framlög til stjórnmálasamtaka

*Hagræðing starfsemi*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að framlag til stjórnmálasamtaka verði skert um 37 m.kr. eða sem svarar til 10% frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu til að stuðla að markmiðum um samdrátt í ríkisútgjöldum. Gert er ráð fyrir að framlag til þingflokka skerðist í sama mæli í annarri tillögu á viðfangsefni undir fjárlagalið Alþingis.

**09-999 Ýmislegt** **16,5**

1.67 Þjóðlendumál

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að veitt verði 16,5 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2010 til þess að fjármagna málarekstur ríkisins vegna þjóðlendna. Um er að ræða mál sem tekin voru fyrir hjá óbyggðanefnd og dómstólum áður en tillaga fjármálaráðherra um frestun kröfulýsinga var samþykkt í ríkisstjórn. Kostnaður vegna umræddra mála er áætlaður meiri en áður var reiknað með.

**09-999 Ýmislegt** **-10,0**

1.68 Endurskoðendaráð

*Lögbundið*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að 10 m.kr. fjárheimild vegna verkefna endurskoðendaráðs verði flutt til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Í lögum um breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands er ábyrgð á málefnum endurskoðenda flutt til efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Í lögunum kemur einnig fram að efnahags- og viðskiptaráðherra skipi endurskoðendaráð.

***Samtals fjármálaráðuneyti 7.434,8***

**10-190 Ýmis verkefni** **-5,8**

1.52 Samningur um flug milli Íslands og Narssarssuaq á Grænlandi

*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að 5,8 m.kr. framlag á þessu viðfangsefni verði fellt niður og flutt til Flugmálastjórnar Íslands. Samningur um styrk til flugs til Narssarsuaq rennur út í árslok. Áformað var að endurnýja samninginn en samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur nú ákveðið að hætt verði stuðningi við flugið. Þess í stað verði hagræðingarkrafa á Flugmálastjórn Íslands lækkuð sem því nemur til að styrkja grunnstarfsemi stofnunarinnar. Vísað er til rökstuðnings með þeirri tillögu.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**10-199 Ráðstöfunarfé** **-1,4**

1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um 1,4 m.kr. lækkun á ráðstöfunarfé samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Ráðstöfunarfé allra ráðherra lækkar um samtals 21,2 m.kr. og verður alls 49,4 m.kr. Ætlast er til að settar verði samræmdar reglur um úthlutun þessa fjár og að ráðherrar úthluti aðeins til verkefna sem heyra undir þeirra málefnasvið. Jafnframt skuli fjárlaganefnd gerð grein fyrir úthlutun fjárins.

**10-211 Rekstur Vegagerðarinnar** **-14,2**

1.01 Almennur rekstur

*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um viðbótarhagræðingarkröfu í rekstri Vegagerðarinnar sem nemi 14,2 m.kr. Framlagið verði flutt til Flugmálastjórnar Íslands til að styrkja grunnstarfsemi stofnunarinnar. Vegagerðinni var upphaflega ætlað að mæta hagræðingarmarkmiði sem nemur 11,2% af almennum rekstrarlið sínum en viðbótarhagræðingin hækkar það hlutfall um 2,4%. Ekki er ástæða til að ætla að þessi aukna krafa valdi stofnuninni vandræðum en geta má þess að heildarvelta rekstrarhluta Vegagerðarinnar er áætluð 6,8 milljarðar kr. á næsta ári og hagræðingin að meðtalinni viðbótinni er um 1,3% af henni.

**10-335 Siglingastofnun Íslands** **0,0**

1.01 Almennur rekstur

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Í frumvarpi til laga um lögskráningu sjómanna sem lagt hefur verið fram á haustþinginu er gert ráð fyrir að notendur að lögskráningarkerfi Siglingastofnunar greiði gjald sem standi undir kostnaði við rekstur gagnagrunns og öðrum kostnaði í tengslum við lögskráninguna. Áætlað er að tekjur af gjaldinu verði 3 m.kr. á ári. Beint framlag úr ríkissjóði lækkar samsvarandi.

**10-335 Siglingastofnun Íslands** **30,0**

6.80 Sjóvarnargarðar

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Sveitarfélag*

Gerð er tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag til að byggja sjóvarnargarð við Reykhólahöfn.

**10-335 Siglingastofnun Íslands** **70,0**

6.80 Sjóvarnargarðar

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 70 m.kr. tímabundið framlag til sjóvarna við Vík í Mýrdal. Hætta er á stórfelldu tjóni á mannvirkjum í sveitarfélaginu ef tafir verða á að efla sjóvarnir þar. Um er að ræða að hækka og styrkja flóðvarnargarðinn vestan Víkurár á um 750 metra kafla. Gert er ráð fyrir að 30 m.kr. framlag komi til verksins af fjárveitingu sjóvarna samkvæmt fjárlagafrumvarpinu og að með því 70 m.kr. framlagi sem hér er gerð tillaga um verði þá varið 100 m.kr. til verkefnisins á árinu. Upphafleg kostnaðaráætlun verksins er 200 m.kr. en í ljósi hagstæðra tilboða sem borist hafa í hliðstæð verk er bundin von við að tilboð berist í verkið sem geri kleift að ljúka því á árinu 2011 og verja hluta fjárveitinga til sjóvarna þess árs til verksins.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**10-336 Hafnarframkvæmdir** **-130,0**

6.70 Hafnabótasjóður

*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að framlag til liðarins verði lækkað um 130 m.kr. með millifærslu þeirrar fjárhæðar á lið Landeyjahafnar en samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið að breyta forgangi í ramma ráðuneytisins og leggja meiri áherslu á að ljúka við framkvæmdir í Landeyjahöfn á næsta ári. Samkvæmt kostnaðaráætlun var gert ráð fyrir að til að klára gerð Landeyjahafnar á árinu 2010 þyrfti um 470 m.kr. til viðbótar við það sem veitt er til verksins í frumvarpinu. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið telur að unnt sé að ná það hagstæðum tilboðum í þá verkþætti sem eftir eru að einungis sé þörf á um 275 m.kr. til viðbótar svo ljúka megi verkinu. Til að mæta því sem á vantar þarf því 145 m.kr. beint framlag úr ríkissjóði til viðbótar. Þessar fjárheimildir eru háðar því að væntingar um tilboð í verkið gangi eftir.

**10-336 Hafnarframkvæmdir** **130,0**

6.72 Landeyjahöfn

*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að framlag til liðarins verði hækkað um 130 m.kr. með millifærslu þeirrar fjárhæðar af lið Hafnabótasjóðs en samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið að breyta forgangi í ramma ráðuneytisins og leggja meiri áherslu á að ljúka við framkvæmdir í Landeyjahöfn á næsta ári. Samkvæmt kostnaðaráætlun var gert ráð fyrir að til að ljúka gerð Landeyjahafnar á árinu 2010 þyrfti um 470 m.kr. til viðbótar við það sem veitt er til verksins í frumvarpinu. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið telur að unnt sé að ná það hagstæðum tilboðum í þá verkþætti sem eftir eru að einungis sé þörf á um 275 m.kr. svo ljúka megi verkinu. Til að mæta því sem á vantar þarf því 145 m.kr. beint framlag úr ríkissjóði til viðbótar. Þessar fjárheimildir eru háðar því að væntingar um tilboð í verkið gangi eftir.

**10-336 Hafnarframkvæmdir** **145,0**

6.72 Landeyjahöfn

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til 145 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2010 til að unnt verði að ljúka framkvæmdum við Landeyjahöfn. Samkvæmt kostnaðaráætlun var gert ráð fyrir að til að ljúka við gerð Landeyjahafnar á árinu 2010 þyrfti um 470 m.kr. til viðbótar við það sem veitt er til verksins í frumvarpinu. Samgönguráðuneytið telur að unnt sé að ná það hagstæðum tilboðum í þá verkþætti sem eftir eru að einungis sé þörf á um 275 m.kr. svo ljúka megi verkinu. Í annarri tillögu er gert ráð fyrir að liðnum verði veitt 130 m.kr. framlag af lið Hafnabótasjóðs en ásamt þessari tillögu gera það samtals 275 m.kr. Þessar fjárheimildir eru háðar því að væntingar um tilboð í verkið gangi eftir.

**10-336 Hafnarframkvæmdir** **-7,5**

6.74 Lendingabætur

*Ákvörðun Alþingis*
*Samþykkt á Alþingi*
*Alþingi*

Gerð er tillaga um að fella liðinn niður.

# Skýringar við breytingartillögur við sundurliðun 2 án millifærslna.

**10-471 Flugmálastjórn Íslands** **5,8**

1.01 Flugmálastjórn Íslands

*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lagt er til að 5,8 m.kr. framlag sem ætlað var til að styrkja flug til Narssarsuaq á Grænlandi verði fellt niður og flutt til Flugmálastjórnar Íslands. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið að hætt verði stuðningi við flug til Narssarsuaq en þess í stað verði hagræðingarmarkmið Flugmálastjórnar lækkað sem því nemur til að styrkja grunnstarfsemi stofnunarinnar.

**10-471 Flugmálastjórn Íslands** **14,2**

1.01 Flugmálastjórn Íslands

*Breyttur forgangur í ramma*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um að framlag til liðarins verði hækkað um 14,2 m.kr. með millifærslu frá rekstrarlið Vegagerðarinnar. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur ákveðið að hagræðingarmarkmið í rekstri Vegagerðarinnar verði hækkað um sömu fjárhæð. Með þessu er ætlunin að styrkja grunnstarfsemi Flugmálastjórnar Íslands. Ráðuneytið telur að sú hagræðingarkrafa sem stofnuninni var upphaflega gert að sæta hafi skapað hættu á að henni takist ekki að sinna eftirliti sínu með flugrekendum nógu vel. Slíkt gæti valdið því að flugverndarstofnanir Bandaríkjanna annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar gerðu athugasemdir við umfang eftirlitsins en það gæti valdið bæði flugrekendum og farþegum stórfelldum vandræðum þar eð eftirlit yrði þá aukið af hálfu þessara stofnana gagnvart þeim á áfangastöðum í þessum ríkjum eða jafnvel að hömlur yrðu lagðar á flug héðan meðan úrbætur yrðu gerðar af hálfu Flugmálastjórnar Íslands. Flugöryggisstofnun Evrópu, EASA, hefur nú þegar gert athugasemdir við umfang tiltekins eftirlits Flugmálastjórnar og krafist tafarlausra úrbóta sem hafa í för með sér umtalsverðan kostnaðarauka fyrir stofnunina.

**10-512 Póst- og fjarskiptastofnunin** **30,7**

1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt á Alþingi*
*Fagráðuneyti*

Lagt er til að útgjaldaheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 30,7 m.kr. í samræmi við breytta tekjuáætlun. Hún byggist á endurskoðaðri áætlun stofnunarinnar um markaðar tekjur sínar á yfirstandandi ári og nýrri áætlun um hverjar þær tekjur muni verða á næsta ári en gert er ráð fyrir að þær verði samtals 310 m.kr. á árinu 2010. Til skýringar er fjármögnun stofnunarinnar í samræmi við 12. gr. heimildartilskipunar ESB nr. 2002/20/EB en samkvæmt henni skulu álögð gjöld standa undir kostnaði sérgreindra þátta í starfsemi eftirlitsstjórnvalds á sviði fjarskipta. Auknar tekjur af þessum gjöldum færast á tekjuhlið ríkissjóðs og verður afkoma hans því óbreytt eftir sem áður.

**10-513 Jöfnunarsjóður alþjónustu** **-3,4**

1.10 Jöfnunarsjóður alþjónustu

*Breyttar forsendur*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

Lögð er til 3,4 m.kr. lækkun liðarins. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að fjárheimild sjóðsins lækkaði um 169,6 m.kr. og yrði 38,4 m.kr. í ljósi áætlunar um tekjur af gjaldi til sjóðsins. Nú er ljóst að fjárheimild sjóðsins lækkar enn frekar og verður 35 m.kr.

**10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga** **792,0**

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög

*Lögbundið*
*Samþykkt af ríkisstjórn*
*Ríkisstjórn*

